

Spekingur vikunnar



1. Hvað heitir þú ? Þórdís Katla.
2. Hvað ertu gömul ? 5 ára.
3. Getur þú sagt okkur frá fjölskyldunni þinni ? Hvað ertu að meina?
 - a. T.d. hverjir eru í fjölskyldunni þinni ?
mmm ég á mömmu, pabba, systur og stóra bróðir.
4. Hvað finnst þér gott að borða ? Sko, mamma hefur eldað kjúklingavængi, nautakjöt og kengúru.. og grjónagraut.
 - a. Hvað segirðu, kengúru? Var hún góð ? Aha!
5. Hvað finnst þér skemmtilegast að gera ? Að gista hjá ömmu minni og leika við vinkonu mína.
6. Hvað finnst þér leiðinlegast að gera ? Bara eitthvað að hanga heima.
7. Ef þú gætir verið dýr, hvaða dýr myndir þú þá vilja vera ? Hrútur!
 - a. Af hverju? Nú af því ég er hrútur!... Veistu hvað? Mamma mín kallar mig stundum bláber.
 - b. Nú, af hverju? Því ég er með blá augu.
8. Hver er uppáhalds liturinn þinn ? Bleikur og blár... og rauður.
9. Hvað finnst þér skemmtilegast að teikna ? Blóm og karl.
10. Hvað ætlar þú að verða þegar þú verður stór ? Ég veit ekki eiginlega.. ballerína eða gella.. eða bara allt.
 - a. Hvað gerir maður ef maður er bara allt ? Þá er maður bara að vinna, í skólanum, elda og bara allt!
11. Hvert myndir þú vilja fara í ferðalag ? Í garðinn minn. Ég hef sko einu sinni tjaldað þar.. með nesti og dúk líka.
12. Af hverju er himininn blár ? Yppir öxlum... Veit ekki... Kannski bara af því að blár er bara fallegur!

